

Carbon Recycling International ehf.  
Borgartúni 27  
105 Reykjavík

Umhverfisstofnun	
Áb. _____	
19. des. 2012 8.9.2	
Tilv. _____	



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 18. desember 2012  
Tilvísun: UST20121200057/edk


### Staðfesting á úrbótum móttækin - máli lokið


Umhverfisstofnun vísar í bréf dagsett 10. desember 2012 þar sem fjallað er um tvö frávik frá starfsleyfi sem komu fram við reglubundið eftirlit þann 25. október sl. Rekstraraðili hefur nú lokið úrbótum vegna beggja frávika og telst málinu lokið af hálfu stofnunarinnar.

Annað frávikíð varðar að útstreymisbókhaldi hafði ekki verið skilað þegar eftirlit fór fram. Útstreymisbókhald fyrir árið 2011 barst Umhverfisstofnun 29. október sl. og hefur verið metið fullnægjandi af hálfu stofnunarinnar og telst frávikíð því að fullu bætt.

Hitt frávikíð varðar að skv. grein 2.3 í starfsleyfi ber rekstraraðila að mæla styrk VOC-efna í útblæstri. Mæling hafði ekki verið framkvæmd þegar eftirlitið fór fram. Þann 17. desember 2012 bárust Umhverfisstofnun niðurstöður VOC-mælinga sem framkvæmdar voru föstudaginn 14. desember 2012. Mælingin staðfestir að starfsemi rekstraraðila uppfyllir skilyrði starfsleyfisins um útblástursmörk VOC-efna. Rekstraraðili leggur til að VOC-mælingar verði framkvæmdar á 6 mánaða fresti meðan verksmiðjan er í rekstri. Umhverfisstofnun samþykkir þá áætlun og gerir ráð fyrir að næstu mæliniðurstöður berist stofnuninni eigi síðar en 1. júlí 2013. Frávik þetta telst að fullu bætt.

Virðingarfyllt

  
Sigrún Agústs dóttir  
sviðsstjóri

  
Kristján Geirsson  
deildarstjóri

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurnesja